




FÉLAG ÍSLENSKRA
TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGA

Reiknilíkan FÍT um lækkandi dánartíðni


Áhrif á mat á útgjöldum
til elli- og örorkulífeyris

Reiknilíkan FÍT




- Lífslíkur sem notaðar hafa verið við tryggingafræðilegar athuganir lífeyrissjóða hafa verið byggðar á reynslu nokkurra undangenginna almanaksára
- Síðan ekki gert ráð fyrir breytingum
- Lífslíkur skv. rg 391/1998 eru byggðar á reynslu áráanna 2014-2018, ætti að svara til lífslíkna 2016

Reiknilíkan FÍT




- Reynsla undangenginna áratuga hér og í flestum löndum hefur verið sú að dánartíðni er að lækka á öllum aldurskeiðum, mismunandi þó eftir aldri
- Í flestum löndum í kringum okkur og reyndar víðar er við útreikninga á lífeyrisskuldbindingum reynt að sjá fyrir þróun næstu áratuga
- FÍT hefur gert reiknilíkan þar sem spáð er fyrir um breytingu dánartíðni

Reiknilíkan FÍT




- Samþykkt á félagsfundi FÍT 2020
- Tekur við af líkani félagsins frá árinu 2014
- Miðað er við reynslu áráanna 1999-2018
 - Í fyrra líkani FÍT var miðað við reynslu áráanna 1999-2013
- Reiknað er með líkaninu 20 ár frá upphafsári (2016) síðan gert ráð fyrir að breyting dánartíðni fari minnkandi á næstu 25 árum og verði 1% á ári upp frá því [sama nálgun og í fyrra líkani FÍT]

Reiknilíkan FÍT




- Líkanið er svokallað CBD líkan
- CBD stendur hér fyrir reiknilíkan Cairns, Blake og Dowd sem eru upphafsmenn þess
- Líkanið er mikið notað við spár um breytingar á lífslíkum
- Margt hefur verið skrifað um líkanið og notkun þess og er aðgengilegt á netinu
- Niðurstaða líkansins er ekki mjög frábrugðin niðurstöðu spár Hagstofu Íslands

Reiknilíkan FÍT



- Miðað við fyrra spálíkan er almennt gert ráð fyrir heldur minni lækkun dánartíðni en var í fyrra líkani
- Áhrif þess að nota líkanið við mat skuldbindinga lífeyrissjóða eru engu að síður umtalsverð
- Hækkun á mati skuldbindinga 5-15% og breyting á tryggingafræðulegri stöðu geti orðið meira en 10 prósentustig

Reiknilíkan FÍT



Tillögur um mótvægisaðgerðir

- Á fundi Lífnefndar FÍT í febrúar 2021 var samþykkt að mæla með hækkun eftirlaunaaldurs í áföngum sem mótvægisaðgerð við upptöku líkansins
- Með því er brugðist beint við þeim breytingum sem gert er ráð fyrir
- Aðferðin er einföld og öllum auðskilin og gefur færi á breytingum ef aðstæður breytast
- Þetta er einnig sú leið sem almennt er farin í öðrum löndum

Áhrif á útgjöld til elli- og örorkulífeyris og hugmyndir um mótvægisáðgerðir




- Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskaði eftir mati FÍT um hvaða áhrif það hefði miðað við fyrirliggjandi spá FÍT um breytingar á lífslíkum, ef lífeyristökualdur yrði hækkaður í skrefum
 - á stöðu lífeyrissjóða
 - og á útgjöld ríkisins til elli- og örorkulífeyris,

Áhrif á útgjöld til elli- og örorkulífeyris og hugmyndir um mótvægisaðgerðir




- Fyrstu niðurstöður kynntar í apríl
- Reiknaðar þrjár sviðsmyndir um hækkun lífeyrisaldurs
- Í framhaldi valin ein tiltekin útfærsla

Hækkun lífeyristökualdurs – nánari útfærsla



- Horft var til nálgunar í Noregi og Danmörku, svipuð nálgun mun vera notuð víðar, t.d. í Hollandi
- Miðað er að því að sá tími sem vænta má að hver árgangur fái greidd eftirlaun verði svipaður að lengd
- Einfaldast er að sýna dæmi

Hækkun lífeyristökualdurs – Noregur



		Væntur
Fæðingar	Ellilífeyris	lífaldur
árgangur	aldur	eftir e.aldur
1953	68	19 ár 5 m
1959	69ár 11m	19 ár 5 m
1967	70	19 ár 6 m
1976	71	19 ár 8 m
1985	72	19 ár 8 m
1995	73	19 ár 8 m


Hækkun lífeyristökualdurs – Danmörk



Folkepensionsalderen forhøjes med virkning fra 1. januar til:	Folkepensionsalder	Folkepensionsalder gældende for personer med følgende fødselsår:
:2019	65,5	1. januar 1954-
2020	66	1. juli 1954-
2021	66,5	1. januar 1955-
2022	67	1. juli 1955-
2030	68	1. januar 1963-
2035*	69	1. januar 1967-
2040*	70	1. januar 1971-
2045*	71	1. januar 1975-
2050*	72	1. januar 1979-
2055*	72,5	1. januar 1983-
2060*	73	1. juli 1987-
2065*	73,5	1. januar 1992-
2070*	74	1. juli 1996-


*Folkepensionsalderen fra 2035 er et skøn og skal først vedtages af Folketinget i 2020.

Tillaga til samræmis við spá FÍT



		Væntur
Fæðingar	Ellilífeyris	lífaldur
árgangur	aldur	eftir e.aldur
1949	67 ár	19 ár 7 m
1954	67 ár	20 ár
1955	67 ár og 2 mán	20 ár
1956	67 ár og 4 mán	19 ár 11 m
1957	67 ár og 6 mán	19 ár 10 m
1958	67 ár og 8 mán	19 ár 10 m
1959	67 ár og 10 mán	19 ár 9 m
1960	68 ár	19 ár 8 m
1961	68 ár og 1 mán	19 ár 8 m
1966	68 ár og 6 mán	19 ár 8 m
1972	69 ár	19 ár 8 m
1978	69 ár og 6 mán	19 ár 7 m
1987	70 ár	19 ár 7 m
2005	70 ár og 11 mán	19 ár 7 m

Tillaga til samræmis við spá FÍT





- Ljóst er að spá FÍT um lengingu meðalævi gerir ráð fyrir minni lengingu meðalævi yngri árganga en spár sem notaðar eru í Danmörku og Noregi
- Áætlun um hækkun lífeyrisaldurs eru hins vegar svipaðar fyrst í stað
- Ástæðan er væntanlega að í spá FÍT er aðeins reiknað með breytingum á dánartíðni eins og verið hafa síðustu 20 ár í 20 ár í viðbót, síðan verði breytingar hægari
- Ljóst er að slíkar spár þarf að endurskoða reglulega og sýna þessar mismunandi niðurstöður vel hve mikil óvissa ríkir
-

Áhrif örorku og hlutfall lífeyristöku af tíma á vinnumarkaði



- Bent hefur verið á að með hækkun eftirlaunaaldurs megi búast við aukningu í örorkugreiðslum
- Einnig muni tími iðgjaldagreiðslna lengjast sem geti dregið úr þörf á hækkun eftirlaunaaldurs
- Til að skoða áhrif þessa hefur væntur tími á örorku og hlutfall vænts heildartíma á lífeyri af væntum heildartíma á vinnualdri verið reiknaður fyrir 16 og 25 ára aldur
- Hlutfall „lífeyristíma“ verður nokkuð stöðugt miðað við fyrirliggjandi tillögu til hækkunar, sjá línurit á og nánar í minnisblaði

Áhrif örorku - hlutfall lífeyristöku af tíma á vinnumarkaði



Áhrif á tryggingafræðilegar athuganir lífeyrissjóða og mótvægisaðgerðir



- Mat skuldbindinga myndi hækka, mismunandi eftir sjóðum 5/6 % upp í 10/15%
- Fyrir hlutfallsdeildir LSR og Brúar yrði væntanlega ekki brugðist við með neinum samþykktabreytingum
- Þegar svipaðar breytingar voru í umræðu fyrir nokkrum árum aflaði LL lögfræðiálits þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að heimilt væri að breytingar réttinda og samþykka tækju mið af fæðingarári – jafnvel að óheimilt kynni að vera að gera það ekki

mótvægisaðgerðir



- Lífnefnd FÍT hefur eins og áður sagði lagt til að brugðist verði við því að hækka þann aldur sem eftirlaunalífeyrir er greiddur frá eftir fæðingarárurum í takt við spá félagsins

Mótvægisáðgerðir – lög 129/1997




- „Lífeyrissjóður skal hefja útborgun ellilífeyris samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þegar sjóðfélagi hefur náð 65–70 ára aldri. [Lífeyrissjóði er heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris enda hefjist taka lífeyris ekki fyrr en sjóðfélagi verður 60 ára.] 1) Í samþykktum skal kveðið á um hvernig frestun eða flýting lífeyristöku hefur áhrif á fjárhæð lífeyris.“
- Hugtakið lífeyrisaldur kemur ekki fyrir í lögnum

Áhrif á tryggingafræðilegar athuganir lífeyrissjóða og mótvægisaðgerðir




- Lífeyrissjóðir gætu því einfaldlega breytt sínum samþykktum þannig að aukið yrði við samþykktirnar töflu sem sýndi viðmiðunartölur réttindaöflunar hvers árgangs
- Tilgreint yrði að taflan tæki breytingum í hvert sinn sem fjármálaráðuneyti gefi út nýjar forsendur um útreikning á lífslíkum

Mótvægisáðgerðir – lög 129/1997



- Ef valinn er viðmiðunaráldur lífeyristöku í samræmi við spá um hækkun lífaldurs í samræmi við það sem sýnt er hér að framan má nota núverandi réttindatöflur og aðferð við útreikning réttinda óbreyttar,
- Sú réttindaöflun sem þær sýna miðast við hins vegar við viðmiðunaráldur lífeyristöku hvers árgangs

Mótvægisáðgerðir – lög 129/1997




- Þótt hugtakið lífeyrisaldur komi ekki fyrir í lögnum er til hugtakið lágmarkstryggingavernd
- „Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri“
- Ekki er því hægt að reikna lágmarkstryggingavernd miðað við **hærri** aldur en 70 ár

Mótvægisáðgerðir – lög 129/1997



- Þannig er hið raunverulega vandamál við upptöku spálíkansins miðað við núgildandi lög helst það hvort að lífeyrissjóður getur staðist kröfu um lágmarkstryggingavernd fyrir yngstu árganga miðað við að taka lífeyris hefjist við 70 ára aldur
- Flestir sjóðir munu standast þá kröfu auðveldlega þótt þeir sem nú eru með lágsta réttindöflun kunni að verða á mörkum þess
- Ákvæðum um framreikning örorkulífeyris þarf ekki að breyta og réttur þeirra sem verða öryrkjar í framtíð verður svipaður þeim sem nú er veittur ef þessi háttur verður hafður á breytingu samþykkt. Hugsanlegt væri að takmarka rétt til örorkulífeyris við 70 ára aldur en er þó ekki nauðsynlegt

Reiknilíkan FÍT og mótvægisaðgerðir



- Lagt til að byrja að nota framreiknaðar dánarlíkur
- Hækkar skuldbindingar að óbreyttu allt að 15% - misjafnt milli sjóða
- Lagt til að breyta ellilífeyrisaldri [viðmiðunaráldri lífeyrisréttinda hjá lífeyrissjóðum] sem mótvægisaðgerð, sama og gert er í Danmörku og Noregi
- Yngstu kynslóðir verða með viðmiðunaráldur yfir 70 ára aldur
- Ákvæði laga virðast ekki koma í veg fyrir að notaður verði hærri viðmiðunaráldur en 70 ár
- Ákvæði um lágmarksréttindaöflun verður þó að uppfylla fyrir ekki hærri aldur en 70 ár að óbreyttum lögum